



**61. fundur Stjórnar Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses
haldinn í Upsa á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur, miðvikudaginn 7. september
2022
og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Valdís Guðbrandsdóttir og Börkur Þór Ottósson.

Starfsmenn:

.

Fundargerð ritaði: Guðrún Pálína Jóhannsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnslusviðs

Heiða Hilmarsdóttir boðaði forföll og varamenn höfðu ekki tæk á að mæta á fundinn.

Dagskrá:

1. 201902040 - Framkvæmdastjóri Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses

Á 60. fundi stjórnar Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses þann 20. maí 2022 var eftirfarandi bókað:

"Katrín sveitarstjóri hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra til bráðabirgða síðan í september 2020. Hún mun láta af störfum í lok kjörtímabilsins og því þarf stjórn að ákveða hvernig farið verður með framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Stjórnin telur mikilvægt að hafa samskonar tengingu inn í stjórnkerfi Dalvíkurbyggðar og verið hefur.

Stjórn beinir málefnum framkvæmdastjóra og skipan í fulltrúaráð skv. samþykktum félagsins til nýrrar sveitarstjórnar."

Stjórn Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses samþykkir samhljóða með 2 atkvæðum að framkvæmdastjóri og prókúruhafi Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses er Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar. Staðfest með undirritun stjórnarmanna á eyðublað RSK 17.43. Framkvæmdastjóra falið að senda tilkynninguna inn til RSK.

2. 202208145 - Ársreikningur Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses 2021

Farið yfir ársreikning Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses sem er unninn af KPMG ehf. Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2021 að fjárhæð kr. 5.600.050 samkvæmt rekstrarreikningi.

Stjórn Leiguíbúðanna samþykkir ársreikninginn samhljóða með 2 atkvæðum og staðfestir hann með undirritun sinni.

3. 202208148 - Ársfundur Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses 2022

Til umræðu ársfundur félagsins og boðun hans.

Stjórn samþykkir samhljóða með 2 atkvæðum að boða til ársfundar Leiguíbúðanna þann 19.10.2022 kl. 17. Auglýsing um ársfund samkvæmt samþykktum samfélagsins verði send fulltrúaráði skriflega í síðasta lagi þann 28. júlí. Í auglýsingu skal kalla eftir tillögum um breytingar á samþykktum og/eða öðrum tillögum ársfundar. Eftirfarandi gögn fylgi fundarboði: Ársreikningur 2021, fundargerðir stjórnar frá síðasta fundi, fjárhagsáætlun næsta árs.

4. 202209017 - Eitrun við hús - köngulær og fl.

Formanni falið að skoða fyrirbyggjandi fyrirspurn frekar.

5. 202209018 - Hleðsla rafbíla

Stjórn samþykkir samhljóða með 2 atkvæðum að fá Electro til að kanna hvaða leiðir eru færar svo að íbúi geti hlaðið rafmagnsbíl við íbúð sína.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:13

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____